

Miðvikudaginn 22. nóvember 1995.

Nr. 373/1995.

**Jónas Bjarnason og  
Jóhanna Tryggvadóttir**

gegn

**Halldóri Ástvaldssyni**

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Málskostnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 31. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 23. október 1995, þar sem hrundið var kröfu sóknaraðila um ógildingu á fjárnámi, sem gert var 31. mars 1995, í eign sóknaraðilans Jónasar Bjarnasonar vegna dómskuldar sóknaraðilans Jóhönnu Tryggvadóttur við varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, svo og, að „lagt verði fyrir héraðsdóminn að taka til formlegrar umfjöllunar fullyrðingar kæranda um ætlaða ólöglega fjártöku stefnda frá Evrópuferðum, þar með kröfur kæranda um úrskurð um opinbera rannsókn þar um, fáist málið ekki rannsakað með öðrum hætti“. Til vara krefjast sóknaraðilar, að fyrrnefnt fjárnám verði fellt úr gildi. Segir jafnframt í greinargerð sóknaraðila til Hæstaréttar, að þess sé „jafnframt krafist, að Hæstiréttur dæmi, að fram skuli fara opinber rannsókn á ætlaðri ólögumetri fjártöku, 1.866.939 kr., stefnda Halldórs Ástvaldssonar, af eignum einkafirma kæranda, Evrópuferða“. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

### I.

Fjárnámið, sem deilt er um í málinu, var gert til fullnustu á skuld sóknaraðilans Jóhönnu við varnaraðila samkvæmt dómi Héraðs-

dóms Reykjaness, upp kveðnum 29. september 1992. Þeim dómi áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar, en málið var fellt niður með dómi réttarins 24. nóvember 1994. Áfrýjaði þá sóknaraðili héraðsdómi að nýju, og var settur frestur til þingfestingar málsins, en málgögn bárust ekki Hæstarétti innan frestsins, og var málið því fellt niður að nýju 8. febrúar 1995. Eftir áfrýjun málsins öðru sinni krafðist varnaraðili löggeymslu fyrir kröfu sinni samkvæmt héraðsdóminum hjá sóknaraðilanum Jóhönnu, og tók sýslumaðurinn í Hafnarfirði gerðina fyrir 16. janúar 1995. Henni var lokið 23. sama mánaðar og eignarhluti sóknaraðilans Jónasar í fasteigninni Klapparstíg 25-27 í Reykjavík tekinn í löggeymslu með samþykki hans. Eftir að málið hafði fallið niður fyrir Hæstarétti öðru sinni, tók sýslumaður fyrir kröfu varnaraðila um fjárnám fyrir skuld sóknaraðilans Jóhönnu samkvæmt héraðsdóminum. Var fjárnámið gert 31. mars 1995 eftir kröfu varnaraðila í fyrrnefndri fasteign í skjóli undangenginnar löggeymslu.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, má fallast á, að Jónas Bjarnason geti samhliða gerðarþola við umrætt fjárnám, sóknaraðilanum Jóhönnu, átt aðild að málinu sem eigandi þess, sem fjárnám var gert í, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989.

## II.

Sóknaraðilar virðast reisa aðalkröfu sína einkum á þeim rökum, að þau hafi fyrir héraðsdómi lagt fram skýrslu löggilts endurskoðanda og skýrslu viðskiptafræðings, sem er getið í hinum kærða úrskurði og þau telja sýna, að varnaraðili hafi í heimildarleysi tekið sér fé í störfum hjá firma sóknaraðila, Evrópufurðum. Segir meðal annars um þetta í kæru sóknaraðila: „Héraðsdómarinn lætur hjá líða, þrátt fyrir margítrekaðar kröfur, að fá sérstaklega afstöðu varnaraðila og lögmanns varnaraðila til þeirra gagna, sem nefnd eru í úrskurðinum og kveða á um oftöku varnaraðila á fé kæranda. Hann nefnir ekki rithandarrannsókn, þrátt fyrir það að skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins þar um hafi verið lögð fram í héraðsdóminum. Þá er lýsing héraðsdómarans á afstöðu varnaraðila í málinu að minnsta kosti villandi, ef ekki röng, þegar héraðsdómarinn segir í úrskurðinum: „Af hálfu varnaraðila hefur framangreindum gagnkröfum og röksemdum verið eindregið mótmælt.“ . . . Kærend-

ur telja þessar staðhæfingar héraðsdómsins rangar því engin mótmæli og engar röksemdir komu fram af hálfu varnaraðila gegn skýrslum Margrétar Flóvenz og Páls V. Danielssonar, eftir að þær voru lagðar fram í héraðsdóminum.“

Sú aðfinnsla sóknaraðila, að héraðsdómari hafi látið hjá líða að krefja varnaraðila og lögmann hans um skýra afstöðu til ákveðinna gagna í málinu, getur ekki, jafnvel þótt rétt væri, varðað ómerkingu hins kærða úrskurðar. Er það varnaraðilans sjálfs að gæta að nauðsyn andmæla gegn staðhæfingum sóknaraðila, enda bæri hann einn hugsanlegar afleiðingar af vanrækslu á því í efnisúrlausn máls. Ekki verður það heldur talið til annmarka á meðferð málsins í héraði, að héraðsdómari hafi látið hjá líða í hinum kærða úrskurði að geta um rithandarrannsókn, sem fór fram undir rekstri málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skjölum með ætlaðri nafnritun varnaraðila. Er þá til þess að líta, að ekki er unnt að ráða af málatilbúnaði sóknaraðila, hvornig umrædd gögn kunna að tengjast málsástæðum, sem þau bera fyrir sig. Um þá skoðun sóknaraðila, að ranghermt sé í hinum kærða úrskurði, að varnaraðili hafi borið fram þau mótmæli, sem vitnað er til í kæru sóknaraðila, verður að gæta að því, að eftir orðanna hljóðan segir það eitt í þessu sambandi í hinum kærða úrskurði, að varnaraðili hafi mótmælt gagnkröfum sóknaraðila og röksemdum þeirra fyrir kröfunum. Þar er hins vegar ekki vikið að gögnum, sem sóknaraðilar telja sig byggja þessar kröfur sínar og röksemdir á. Mótmælin, sem hér um ræðir, koma fram í greinargerð varnaraðila fyrir héraðsdómi, og eru þessar athugasemdir sóknaraðila því haldlausar.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar.

### III.

Sóknaraðilar hafa ekki fært fram nein viðhlítandi gögn fyrir þeim staðhæfingum sínum, að telja megi skuldina við varnaraðila þegar greidda með fjármunum, sem þau telja hann hafa tekið sér. Gildir hið sama um þann rétt, sem sóknaraðilar telja sig njóta til skuldajafnaðar við kröfur varnaraðila, en vegna ákvæða 40. gr. laga nr. 90/1989 verður kröfu þeirra á þeim grunni ekki heldur komið að í málinu.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Athuga ber, að eftir gögnum, sem sóknaraðilar hafa lagt fram í héraði og fyrir Hæstarétti, hafa ríkissaksóknari, rannsóknarlög-reglustjóri ríkisins og skattyfirvöld margsinnis hafnað kröfum þeirra um, að fram fari aðgerðir til rannsóknar á sakargiftum um ólög-mæta fjártöku og fleira, sem þeir bera á varnaraðila, en síðast var slíkum kröfum hafnað eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar. Mál þetta á rætur að rekja til einkamáls, sem varnaraðili höfðaði um kröfu sína í október 1991 og var ekki lokið fyrir dómstólum fyrr en þremur árum síðar. Á þeim tíma tókst sóknaraðilanum Jóhönnu aldrei að koma fram í dómhæfum búningi gagnkröfum á hendur varnaraðila á þeim grundvelli, að hann hafi tekið sér fé með ólög-mætum hætti, svo sem hún hefur margsinnis staðhæft í málinu, að hann hafi gert. Væri nú löngu orðið um seinan að setja fram í máli, sem er rekið um fullnustu á kröfu varnaraðila á hendur sóknar-aðilanum Jóhönnu, gagnkröfu, sem kynni að hafa komist að í einka-málinu milli þeirra. Þá verður og til þess að líta, að í máli þessu er ekki á færi dómstóla að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila um opin-bera rannsókn eða leggja fyrir ákærvaldið eða lögreglu að láta slíka rannsókn fara fram. Ber því að átélja þessar tilgangslausu kröfur sóknaraðila og eftir því óþörfu gagnaöflun, sem þeim tengist.

Sóknaraðilum verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir, en við ákvörðun hans er tekið tillit til þess, að kæra þessi er með öllu að ófyrirsynju.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Jónas Bjarnason og Jóhanna Tryggvadóttir, greiði sameiginlega varnaraðila, Halldóri Ástvaldssyni, 100.000 krónur í kærumálskostnað.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. október 1995.

##### I.

Mál þetta, sem þingfest var 6. júlí 1995, var tekið til úrskurðar mánudaginn 25. september 1995.

Sóknaraðilar eru hjónin Jónas Bjarnason lækni, kt. 161122–2119, og Jó-

hanna Tryggvadóttir, kt. 290125–4059, bæði til heimilis að Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði.

Varnaraðili er Halldór Ástvaldsson, kt. 040151–3629, Njálsgötu 10, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar:

1. Að ógilt verði með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness fjárnámsgerð sýslumannsins í Hafnarfirði nr. 36/1994/04280, er fram fór 31. maí 1995 hjá sóknaraðilum í máli þessu að kröfu varnaraðila fyrir 1.019.786 kr. auk vaxta og kostnaðar, en lýst var yfir fjárnámi í eignarhluta Jónasar Bjarnasonar í fasteigninni Klapparstíg 25-27, Reykjavík, á grundvelli löggeymslu, er fram hafði farið 23. janúar 1995.
2. Að ekki verði fallist á framkvæmd fjárnáms, meðan varnaraðili „hefur ekki gefið gildar skýringar á meintri ólögmati fjártöku hans frá Evrópuferðum umfram laun hans árin 1988-1990, 1.866.939 kr.“
3. Sóknaraðilum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila.
4. Falli úrskurður sóknaraðilum í óhag, verði kveðið svo á í úrskurðinum, að málskot til æðra dóms frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 95. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Af hálfu varnaraðila, Halldórs Ástvaldssonar, eru dómkröfur þær, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Hafnarfirði nr. 36/1994/04280, sem fram fór 31. maí 1995 hjá sóknaraðila Jónasi Bjarnasyni að kröfu varnaraðila, verði staðfest. Þá er gerð krafa um málskostnað auk fjárhæðar, er jafngildi virðisaukaskattsgreiðslu varnaraðila af málflutningsþóknuninni.

## II.

Með dómi, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjaness 29. september 1992, var sóknaraðili í máli þessu Jóhanna Tryggvadóttir persónulega og fyrir hönd einkafyrirtækis síns, Evrópuferða, dæmd til að greiða varnaraðila í máli þessu, Halldóri Ástvaldssyni, 380.938 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 293.333 kr. frá 1. júní 1991 til 1. september sama ár, en af 380.938 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 160.000 kr. í málskostnað.

Höfuðstóll dómkröfu stefnanda í málinu var 543.126 kr. Hann var sundurliðaður sem hér segir, og hlutu einstakir kröfuliðir þessa úrlausn:

1.	Laun v/maí 1991	kr. 137.422	dæmt
2.	Bætur v/fyrirvaralausrar uppsagnar. Mismunur á launum (137.422–119.000)×3	– 55.266	dæmt
3.	Orlof frá 1989 8 daga	– 50.732	vísað frá
4.	Orlof frá 1. maí 1990 – 30. apríl 1991, 181 orlofsst. × 858,89	– 155.911	dæmt

5.	Orlof frá 1. maí 1991 – 31. ágúst 1991, 24,7 orlofsst. × 858,89	–	20.673	dæmt
6.	Orlofsuppbót samkvæmt kjarasamn.	–	7.500	dæmt
7.	Desemberuppbót	–	4.166	dæmt
8.	Vangoldin laun fyrir tímab. maí – des. 1989	–	111.356	vísað frá

Í héraðsdómi þessum segir m. a.:

„Stefnda telur sig ekki standa í neinni skuld við stefnanda, en reisir kröfur sínar að öðrum þræði í skuldajöfnuði um 543.900,45, eins og síðar greinir. . .

Af hálfu stefndu hefur verið lagt fram yfirlit, sem sýnir: 1) ofgreidd laun stefnanda árið 1988 128.771,35 kr., árið 1989 204.417,00 kr. og árið 1990 5.908,00 kr., 2) skuld stefnanda vegna hóteltgistingar í London í 3 nætur 20.986,00 kr., 3) skuld stefnanda vegna ferðar til Orlando 15.600,00 kr., 4) dráttarvextir 204.803,70 kr., 5) inneign stefnanda vegna eftirvinnu 11.670,000 kr. Skuld stefnanda sem [sic] samkvæmt liðum 1 og 4, sem skuldajafnaðarkrafan tekur til, 543.900,05 kr. Stefnandi hefur réttmælt [sic] réttmæti yfirlitsins.“

Í hinum eiginlegu forsendum segir dómari:

„Skuldajafnaðarkröfu stefndu er hafnað þegar með vísan til þess, að laun voru innt af hendi án fyrirvara, sbr. almenna reglu vinnuréttar, sem að þessu lýtur og dregin verður af 32. gr. sjómannalaga. . . Kröfu um að koma að gagnstefnu er hafnað með vísun til bókonar í því réttarhaldi á ákvörðun dómarans um, að málinu yrði ekki frestað.“

Dómpoli áfrýjaði dómi þessum. Hæstiréttur dæmdi málið 24. nóvember 1994, og hljóðar dómsorðið svo:

„Mál þetta er fellt niður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur, Jóhanna Tryggvadóttir og Evrópuferðir, greiði sameiginlega stefnda, Halldóri Ástvaldssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.“

Málinu var enduráfrýjað með áfrýjunarstefnu, út gefinni 21. desember 1994 (mál nr. 495/1995). Það mál felldi Hæstiréttur niður 10. febrúar 1995, þar sem málgögn hefðu ekki borist í tæka tíð.

Með beiðni, dagsettri 23. febrúar 1995, fór eiginmaður áfrýjanda, Jónas Bjarnason, þess á leit f. h. eiginkonu sinnar, að gefin yrði út ný áfrýjunarstefna. Með bréfi, dagsettu 7. mars 1995, tilkynnti Hæstiréttur áfrýjunarbeiðanda eftirfarandi:

„Á fundi dómara Hæstaréttar, sem haldinn var 3. mars sl., var beiðni yðar um útgáfu áfrýjunarstefnu á ný í málinu 495/1994 tekin fyrir.

Afgreiðslan var svohljóðandi:

— — —

4. Beiðni Jónasar Bjarnasonar, dags. 23. febrúar sl., lögð fram ásamt fylgiskjöllum og bréfi Þórunnar Guðmundsdóttur hrl. þar að lútandi.

Beiðninni er hafnað, þar sem lagaskilyrði eru eigi fyrir hendi til útgáfu áfrýjunarstefnu enn á ný í máli þessu. Eigi verði annað séð en að áfrýjandi hafi haft nægan tíma til að óska eftir frekari fresti til að skila málgögnum til Hæstaréttar, en frestur áfrýjanda rann út, án þess að frekari frestbeiðni bærist réttinum.“

### III.

Í málshöfðunarskjali sóknaraðila í máli þessu, dagsettu 16. maí 1995, er krafa þeirra um ógildingu umræddrar fjárnámsgerðar einkum rökstudd svo: „Krafan [dómskuldin] er að fullu greidd. Höfuðstóll kröfu, 380.938 kr., var að fullu greiddur, er Halldóri var vikið fyrirvaralaust úr starfi vegna misferlis.“

Er mál þetta var lagt í úrskurð 25. f. m., lögðu sóknaraðilar fram endanlega kröfugerð með svofelldum skýringum:

„Síðan dómur gekk í Héraðsdómi Reykjaness 29. sept. 1992 og eftir að dómur Hæstaréttar Íslands féll 24. nóvember 1994, hefur verið staðfest með skýrslu Margrétar Flóvenz, lögg. endurskoðanda, frá 23. janúar 1995, dskj. nr. 3, að varnaraðili hafi oftekið fé frá Evrópuferðum, að fjárhæð 671.645 kr., ólöglega að mati sóknaraðila. Niðurstöður í rithandarrannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins, dskj. nr. 19, benda til frekari fjártöku varnaraðila frá Evrópuferðum umfram laun. Og loks liggur fyrir á dskj. nr. 24, sem barst sóknaraðilum 13. sept. 1995, ýtarleg og nákvæmlega sundurliðuð skýrsla Páls V. Daníelssonar viðskiptafræðings, en í henni er oftaka varnaraðila á fé frá Evrópuferðum talin vera 1.866.839 kr.

Sóknaraðilar hafa margreynt að fá varnaraðila til að taka afstöðu til yfirlýsinga sóknaraðila um oftöku fjár, mótmæli, staðfestingu, efnislegar skýringar eða annað, sem varpað gæti ljósi á hina meintu fjártöku eða einstaka þætti hennar, en án árangurs. Dskj. nr. 27, bréf lögmanns varnaraðila, staðfestir þessa afstöðu, en þar er rætt um fyrningu. Telja sóknaraðilar óhjákvæmilegt, að varnaraðili gefi sjálfur skýrslu um efni dskj. nr. 3, 19 og 24, áður en afstaða verður tekin um fjárnámskröfu hans.

Sóknaraðilar hafa einnig mangleitað til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna málsins. Fyrir liggur skýrsla RLR um rithandarrannsókn, sem tengist varnaraðila, en ekki aðrar rannsóknir né rökstuddar ástæður þess, að rannsókn hefur verið felld niður . . .

Málsástæður og lagarök sóknaraðila eru þau, að Héraðsdómi Reykjaness ber sem sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstóli að kanna öll meginatriði, er varða þær kröfur, sem fyrir hann eru lagðar, eða gefa málsaðilum báðum

tækifæri til þess. Óforsvaranlegt er bæði gagnvart sóknaraðilum, varnaraðila og lögmanni hans og þeim dómstólum, sem fjallað hafa um málið með ófullkomnum gögnum, að leita ekki eftir efnislegum skýringum varnaraðila og fá þær fram. Er óskað eftir, að dómarrinn kveðji varnaraðila fyrir dóm til skýrslugjafar um dskj. nr. 3, 19 og 24, sbr. ákv. 4. tl. 101. gr. eml. nr. 91/1991, sbr. ákv. 94. gr. laga um aðför nr. 90/1989.“

Í greinargerð varnaraðila segir m. a.:

„Varnaraðili var starfsmaður Evrópuferða, einkafyrirtækis sóknaraðila Jóhönnu. Honum var vikið fyrirvaralaust úr starfi 15. maí 1991. Með dómi, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjaness 29. september 1992, var talið, að ekkert hefði komið fram í málinu, sem gæti réttlætt fyrirvaralausa uppsögn. Varnaraðila voru þess vegna dæmdar bætur vegna óréttmætrar brottvikningar. Fjárnám það, sem krafist er ógildingar á, var gert í eignarhluta sóknaraðila Jónasar Bjarnasonar í Klapparstíg 25–27, Reykjavík, 31. mars sl. Fjárnámið er til tryggingar dómskuld sóknaraðila Jóhönnu við varnaraðila vegna áður nefnds dóms. Við rekstur þess máls fyrir héraðsdómi hélt sóknaraðili Jóhanna því fram, að varnaraðili hefði skammtað sér laun sjálfur og að hún ætti svo og svo miklar gagnkröfur á hendur honum vegna oftekinna launa. Þessum rökum sóknaraðila var hafnað af héraðsdómi. Rétt er að taka fram, að sóknaraðili Jóhanna áfrýjaði dóminum, en Hæstiréttur felldi málið niður fyrir réttinum með dómi, upp kveðnum 24. nóvember 1994 (mál nr. 386/1992). Þar sem sóknaraðili Jónas enduráfrýjaði málinu með áfrýjunarstefnu, út gefinni 21. desember 1994 (mál nr. 495/1995), var óskað eftir löggeymslu í eignum sóknaraðila Jóhönnu. Löggeymslan fór fram 23. janúar 1995, og vísaði þá sóknaraðili Jónas á eignarhluta sinn í Klapparstíg 25–27, Reykjavík. Þegar mál nr. 495/1995 var fellt niður fyrir Hæstarétti 10. febrúar sl., þar sem málgögn höfðu ekki borist í tæka tíð, var óskað eftir framhaldi fjárnámsgerðarinnar. Fjárnámið var síðan gert 31. mars 1995.

Sóknaraðili telur, að ógilda eigi fjárnámsgerðina vegna þess, að krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila sé að fullu greidd. Svo virðist sem sóknaraðili telji sig eiga gagnkröfu á hendur varnaraðila, og því beri að beita skuldajöfnuði til greiðslu kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila. Sóknaraðili hefur lagt fram margvísleg gögn, sem sóknaraðili telur, að sýni, að varnaraðili hafi gerst sekur um fjárdrátt hjá sóknaraðila. Varnaraðili mótmælir því, að hann hafi gerst sekur um slíkt. Um þetta var rækilega fjallað fyrir héraðsdómi á sínum tíma. Varnaraðili fékk engar greiðslur frá Evrópuferðum nema það, sem launaseðlar sögðu til um, og ekkert umfram það. Sóknaraðili á því enga kröfu á hendur varnaraðila, og því getur ekki verið um neinn skuldajöfnuð að ræða. Krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila er því enn ógreidd og því engin rök til að ógilda fjárnámið.“

## IV.

Krafa sóknaraðila um höfðun máls þessa berst dóminum 17. maí 1995. Jafnframt kröfu um ógildingu aðfarargerðar var þess krafist, að skipaður yrði sérstakur umboðsdómari til þess að fara með málið. Vegna athugunar á þeirri kröfu dróst þingfesting umfram venju, og var málið þingfest 6. júlí 1995.

Meðal fram lagðra gagna sóknaraðila við þingfestingu var kæra þeirra til RLR á hendur varnaraðila, dags. 21. 10. 1994, og ítrekun þeirrar kæru, dags. 28. 3. 1995.

Á þessu dómþingi lagði lögmaður varnaraðila fram greinargerð, og fengu sóknaraðilar frest til greinargerðar til 24. sama mánaðar. Þann dag óskuðu sóknaraðilar eftir lengri fresti til greinargerðar og gagnaúrvinnslu og fresti, þar til fyrir lægi svar frá RLR við kröfu þeirra um opinbera rannsókn, sem þau höfðu ítrekað.

Lögmaður varnaraðila mótmælti þegar frekari fresti, en samþykkti síðar á dómþinginu, að málinu yrði frestað til munnlegs málflutnings 1. september. Þann dag kröfðust sóknaraðilar enn frests, og var sú krafa tekin til úrskurðar, sem upp var kveðinn 18. sama mánaðar.

Í hinum eiginlegu forsendum þess úrskurðar segir:

„Sóknaraðilar í máli þessu hafa með samþykki varnaraðila oftsinnis fengið langa fresti, svo sem að framan er rakið.

Í 94. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 er kveðið svo á, að í málum skv. 15. kafla laganna skuli beitt almennum reglum um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt. Í sömu lagagrein er vísað til 1. mgr. 90. gr., þar sem mælt er svo fyrir, að mats- og skoðunargerðir skuli að jafnaði ekki fara fram. Þetta ákvæði er lýsandi fyrir vísireglu um sérstakan sakhraða í dómsmálum skv. V. þætti aðfararlaga.

Í 3. mgr. 102. gr. eml. er dómara heimilað að fresta máli, ef hann fær vitneskju um, að „opinber rannsókn standi yfir vegna refsiverðs athæfis og telja má, að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulega máli um úrslit einkamálsins“. Hvorki liggur fyrir í máli þessu, að opinber rannsókn standi yfir, né að réttarfarsleg skilyrði séu til, að niðurstaða hennar geti haft áhrif á úrslit máls þessa. Mál þetta er risið vegna aðfarar fyrir endanlegum dómi. Gagnkröfur gerðarþola til skuldajafnaðar við umræddan dóm eru hvorki byggðar á dómi né viðurkenndar af hálfu varnaraðila, sbr. 40. gr. aðfararlaga.

Að öllu þessu athuguðu telur dómariinn lagaheimildir skorta til að veita sóknaraðilum frekari frest í máli þessu gegn mótmælum varnaraðila. Verður því að synja sóknaraðila um hinn umbeðna frest.“

*Álit réttarins.*

Skýra verður kröfugerð og málsútlitun sóknaraðila svo, að því sé aðallega haldið fram, að fjárnámskrafan hafi verið greidd, þ. e. fjárnámshafi hafi oftekið fé frá sóknaraðilum, er nemi hærri fjárhæðum en fjárnámskröfunni, en til vara, að sóknaraðilar eigi kröfu til skuldajafnaðar á hendur varnaraðila, er nemi hærri fjárhæðum en fjárnámskrafan.

Þessu til stuðnings færa sóknaraðilar einkum fram skýrslur Margrétar Flóvenz, löggilts endurskoðanda, frá 23. janúar 1995, þar sem talið er, að varnaraðili hafi oftekið 672.645 kr., og skýrslu Páls V. Daníelssonar viðskiptafræðings, þar sem oftaka varnaraðila er talin 1.866.839 kr. Báðar þessar skýrslur eru studdar bókhaldsgögnum, síðari skýrslan þó á mun rækilegri úrvinnslu þeirra.

Af hálfu varnaraðila hefur framangreindum gagnkröfum og röksemdum verið eindregið mótmælt.

Í máli því, þar sem fjárnámskrafan var tildæmd 29. september 1992, leit-uðust sóknaraðilar í máli þessu við að koma fram skuldajöfnuði, en án árangurs, svo sem áður er lýst. Sá dómur er endanlegur, en lyktum málsins á áfrýjunarstigi er áður lýst.

Sóknaraðilar hafa alla stund síðan átt þess kost að höfða sérstakt dómsmál um ætlaða gagnkröfu sína, en í dóminum frá 29. 9. 1992 sýnist skuldajöfnuði vera hafnað með frávísunarrökum. Það hafa þau ekki gert, þrátt fyrir það að nú liggja fyrir miklu betri gögn um ætlaða gagnkröfu þeirra en fyrr, og er þá sérstaklega höfð í huga rækileg bókhaldsúrvinnsla og samantekt Páls Daníelssonar viðskiptafræðings, unnin í september 1995.

Samkvæmt 40. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 er gerðarþola heimilt „að neyta réttar til skuldajafnaðar við kröfu gerðarbeiðanda með kröfu, sem orðin er aðfararhæf, eða kröfu, sem gerðarbeiðandi viðurkennir rétta, ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt“.

Gagnkrafta gerðarþola, sóknaraðila í máli þessu, á hendur gerðarbeiðanda, hér varnaraðila, er hvorki aðfararhæf né viðurkennd. Kraftan þarfnast mun rækilegri og umfangsmeiri rannsóknar fyrir dómi en heimilt er að viðhafa í málum samkvæmt 15. kafla aðfararlaga.

Sóknaraðilar hafa kært varnaraðila bæði til RLR og ríkissaksóknara og ítrekað þær kærur margsinnis undir rekstri máls þessa, bæði skriflega og munnlega, og stutt þær nýjum gögnum og gagnaúrvinnslu. Fyrir liggur, að RLR hafnaði ósk ríkissaksóknara frá 2. þ. m. um rannsókn með bréfi til hans, dags. 4. þ. m. Ríkissaksóknari hefur síðan hvorki gefið RLR ný fyrir-mæli um rannsókn né tilkynnt kæranda, sóknaraðilum, að ekki verði krafist frekari aðgerða vegna kæru þeirra.

Af þeim sökum, sem að framan greinir, er hvorki unnt að veita frekari fresti í máli þessu á þeim grundvelli, að opinber rannsókn, sem telja megji, að skipti verulegu máli fyrir úrslit máls þessa, standi yfir, né fallast á, að gagnkrafa sóknaraðila fullnægi hinum þröngu skilyrðum aðfararlaga um skuldajöfnuð, þegar svo stendur á sem hér.

Með því að ekki liggur enn endanlega fyrir, hvort ríkissaksóknari mælir fyrir um rannsókn með þeim hætti, að RLR fái ekki undan vikist, þykir rétt, að málskot fresti frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 95. gr. aðfararlaga.

Málskostnaður ákveðst 50.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Jónasar Bjarnasonar og Jóhönnu Tryggvadóttur, um ógildingu fjárnámsgerðar er hrundið.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila málskostnað, að fjárhæð 50.000 kr., auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málskot frestar frekari fullnustuaðgerðum.

---